



Stjórnarfundur hestamannafélagsins Fáks í Guðmundarstofu 5. september 2022 klukkan 17:00.

Mættir: Hjörtur Bergstað, Íva Rut Viðarsdóttir, Árni Geir Eypórsson, Sigurbjörn Þórmundsson, Vigdís Matthíasdóttir, Þormóður Skorri Steingrímsson og Einar Gíslason.

1. Kynning frá Fræðslunefnd Fáks

Ragnheiður Ásta Sigurðardóttir og Guðrún Valdimarsdóttir mæta á fundinn fyrir hönd fræðslunefndar og kynna starf þeirra. Kynning Fræðslunefndar fylgir með í viðauka 1.

2. Félagsheimili – Stólakaup

Stjórn eru kynntir nýjir stólar sem eru á sama verði. Gjaldkeri hefur gefið grænt ljós á að keyptir verði nýjir stólar í félagsheimili Fáks.

Stjórn samþykkir að klára stólakaupin.

3. Samningur um sölu á byggingarrétti við Hrossnes 14 (áður Fjargata 7)

Fyrir stjórn liggur samningur milli eftirfarandi aðila:

Oddný Mjöll Arnardóttir, seljandi

Þorkell Jóhannesson, seljandi

Herdís M. Þorsteinsdóttir, seljandi

Finnur Kristinsson, seljandi

Auðunn Hermannsson, seljandi

Bergþóra Þorkelsdóttir, seljandi

Ágústa Björk Hestnes fyrir hönd Vörur ehf., kaupandi

Seljandi selur kaupanda byggingarrétt við Hrossnes 14 (áður Fjargata 7).

Fyrir liggur lánsloforð frá IMIROX ehf. vegna fyrirhugaðra framkvæmda Vörur ehf við byggingu hesthúss við Hrossnes 14.

Stjórn Fáks samþykkir að falla frá forkaupsrétti.

4. Byggingarreitur við A-tröð

Stjórn gefur formanni, Þormóði Skorra og Leifi Ara fyrirverandi stjórnarmeðlimi heimild til að kanna áhuga á byggingu á lóðinni.

5. Nefndarfundur

Framkvæmdastjóra er falið að auglýsa nefndarfundum síðustu vikuna í september.

Fundi slitið 18:15

Fundargerð ritaði Einar Gíslason